



Akraneskaupstaður

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

b.t. Hr. Bjarna Benediktssonar fjármála- og efnahagsráðherra

Arnarhvoli við Lindárgötu

101 Reykjavík

Akranesi, 29. september 2022

Mál 2209237 SFP/sa

Efni: Endurskoðunarákvæði samnings ríkissjóðs og Akraneskaupstaðar, dags. 26. október 2017, um uppgjör lífeyrisskuldbindinga í Brú lífeyrissjóði vegna hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða á Akranesi.

Samkvæmt ofangreindum samningi sbr. fylgiskjal nr. 3 (bókun við samkomulag um skiptingu lífeyrisskuldbindinga vegna hjúkrunarheimila), skal 5 árum eftir staðfestingu samkomulagsins fara fram sérstök greining á því hvort tryggingafræðilegar forsendur samkomulagsins hafi staðist (sbr. þróun launa, verðlags og lífaldurs).

Með bréfi þessu er sett fram formlega beiðni af hálfu Akraneskaupstaðar um fund með fulltrúum ráðuneytisins og öðrum samningsaðilum til að hefja viðræður um mögulegt fyrirkomulag og tímaáætlun þessarar vinnu.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri

Afrit: Samband íslenskra sveitarfélaga, Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili, Brú Lífeyrissjóður, Álit endurskoðunarskrifstofa.

Fylgiskjal: Samningur ríkissjóðs- og Akraneskaupstaðar um uppgjör lífeyrisskuldbindinga vegna Höfða, dags. 26. október 2017, ásamt fylgiskjölum.